

Fimmtudaginn 10. desember 1992.

Nr. 235/1992. **Ákærvaldið**

(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)

gegn

**Sæmundi Kjartanssyni**

(Örn Clausen hrl.).

Skjalafals.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Garðar Gíslason, Gunnar M. Guðmundsson og Hjörtur Torfason og Guðmundur Skaftason, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Ríkissaksóknari hefur skotið héraðsdómi til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 19. maí sl. að ósk ákærða, en einnig af hálfu ákærvalds til þyngingar refsingu.

Málinu er ekki áfrýjað, að því er varðar þá tvo ákærðu, sem sýknaðir voru í héraðsdómi.

Af hálfu ákærða er krafist sýknu í málinu.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Dæma ber ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, svo sem í dómsorði greinir.

### **D ó m s o r ð:**

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Sæmundur Kjartansson, greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 60.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, 60.000 krónur.

### **Dómur sakadóms Reykjavíkur 4. maí 1992.**

Ár 1992, mánudaginn 4. maí, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Helga I. Jónssyni sakadómarara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 205-207/1992: Ákærvaldið gegn Sæmundi Kjartanssyni, X og Y, sem tekið var til dóms 13. apríl sl.

Málið er höfðað með ákæru ríkissaksóknara, dagsettri 24. janúar sl., á hendur ákærðu, „Sæmundi Kjartanssyni lækni, Blönduhlíð 26, Reykjavík, fæddum 27. september 1929, fæðingarnúmer 362, X [...] og Y [...], fyrir skjálafals, svo sem hér greinir:

1. Gegn ákærða Sæmundi fyrir að hafa 19. október 1990 á skrifstofu Egils Sigurgeirssonar hæstaréttarlögmanns, Ingólfsstræti 10, Reykjavík, framvísað falsaðri erfðaskrá, sem hann hafði útbúið og dagsett 20. desember 1989 með falsaðri nafnritun Guðjóns Fjeldsteds Teitssonar, kt. 140206-3189, sem arfleiddanda, en hann lést 2. maí 1990, þess efnis, að ákærði skyldi erfa helming allra eigna Guðjóns, en börn ákærða, ef eitt-hvað óvænt henti hann. Erfðaskránni framvísaði ákærði í tilefni af því, að Egill hafði fyrir hönd lögferingja Guðjóns, sem fengið höfðu búið til einkaskipta, gefið út og auglýst innköllun til þeirra, er teldu til arfs eða skuldar í dánarbúinu, að lýsa kröfum sínum fyrir honum á tilgreindum innköllunarfresti, sem lauk 29. október 1990, og var hún svo lögð fram í skiptarétti Reykjavíkur 5. nóvember 1990.

2. Gegn ákærðu X og Y fyrir að hafa 20. desember 1989 á heimili með-ákærða Sæmundar ritað nöfn sín sem vottar að fyrrgreindri erfðaskrá og sagt í áritun, að Guðjón F. Teitsson hefði í viðurvist þeirra ritað nafn sitt undir hana, enda þótt svo hefði ekki verið, og með þeim hætti átt þátt í gerð erfðaskrárinnar og framvísun hennar.

Telst þessi háttsemi ákærðu varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

#### *Dómkröfur.*

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar og til greiðslu sakar-kostnaðar“.

#### *Málavextir.*

Hinn 2. maí 1990 lést á Landakotsspítala hér í borg Guðjón Fjeldsted Teitsson, kt. 140206-3189, fyrrverandi forstjóri Skipaútgerðar ríkisins. Guðjón var ókvæntur og barnlaus og átti því ekki skylduerfingja. Hann átti tvo bræður og eina systur, sem öll létust á undan honum. Var systirin barnlaus, en hvor bræðranna um sig átti fimm börn. Við lát Guðjóns voru níu þeirra á lífi, en sá afkomenda annars þeirra, sem látinn er, lét eftir sig fjögur börn.

Lögferingjar Guðjóns fengu leyfi til einkaskipta á búi hans 29. maí 1990. Í beiðni um leyfið, dagsettri 11. sama mánaðar, voru eignir Guðjóns taldar fram samkvæmt skattframtali sem hér segir:

Íbúð á Hofsvallagötu 55 (fasteignamat)	kr.	6.991.000
Bifreið	—	152.458

Peningar, bankainnstæður	kr. 15.113.588
Verðbréf	— 4.484.372
Hlutabréf	— 16.200
	<hr/>
Samtals	kr. 26.757.618

Skuldir voru engar.

Fyrir hönd lögerfingjanna gaf Egill Sigurgeirsson hæstaréttarlögmaður út innköllun, sem birtist í Lögbirtingablaðinu 13., 22. og 29. júní s. á., og skoraði á alla þá, er teldu til arfs eða skuldar í dánarbúi Guðjóns Teitssonar, að lýsa kröfum sínum innan fjögurra mánaða frá síðustu birtingu innköllunarinnar. Rann innköllunarfrestur því út 29. nóvember 1990.

Hinn 19. október 1990 framvísaði ákærði Sæmundur Kjartansson svofelldri erfðaskrá á skrifstofu hæstaréttarlögmannsins í Ingólfsstræti 10 hér í borg:

„Erfðaskrá.

Ég undirritaður, Guðjón F. Teitsson, Hofsvallagötu 55, Reykjavík, sem á enga skylduerfingja, geri hér með svofellda ráðstöfun eigna minna eftir minn dag:

Trúnaðarvinur minn og heimilislæknir, Sæmundur Kjartansson, Blönduhlíð 26, Reykjavík, skal erfa 50% (helming) allra þeirra eigna, sem ég læt eftir mig. Ef eitthvað óvænt hendir hann, skal þessi arfur ganga til barna hans.

Erfðaskrá þessa undirrita ég eigin hendi í viðurvist tveggja sérstaklega tilkvaddra votta.

Reykjavík, 20. desember 1989.

Guðjón F. Teitsson (sign.).

Vottorð.

Við undirritaðir, sem höfum verið til kvaddir að vera vottar að framanritaðri erfðaskrá, vottum, að Guðjón F. Teitsson, fyrrv. forstjóri Skipaútgerðar ríkisins, Hofsvallagötu 55, Reykjavík, hefur í viðurvist okkar ritað nafn sitt undir hana. Gerði hann það með fullu ráði, allsgáður og af fúsum og frjálsum vilja, og kvað erfðaskrána hafa að geyma hinsta vilja sinn.

Við erum báðir nákunnugir arfleiddanda og erum reiðubúnir að staðfesta vottorð þetta, ef krafist verður.

X [...],

Y [...].“

Erfðaskrá þessi var lögð fram í skiptarétti Reykjavíkur 5. nóvember 1990.

Með bréfi til Rannsóknarlögreglu ríkisins, dagsettu 8. nóvember 1990, krafðist Ásgeir Thoroddsen hæstaréttarlögmaður þess fyrir hönd allra lögerfingja Guðjóns heitins Teitssonar, að fram færi opinber rannsókn

á því, hvort undirritun hans undir erfðaskrána væri fölsuð, þar sem grunur léki á því, að svo væri.

Byggðust grunsemdirnar á eftirtöldum atriðum:

Á skírdag 12. apríl 1990 hefði Sæmundur Kjartansson hringt til Egils Sigurgeirssonar og beðið hann að fara á fund Guðjóns Teitssonar í því skyni að gera erfðaskrá. Hvers vegna, ef Guðjón hafði þá þegar gert erfðaskrá, sem Sæmundur hafði undir höndum? Myndi Sæmundur ekki hafa nefnt, að erfðaskrá hefði þegar verið gerð, og ekki gert það fyrr en á sl. sumri (þ.e. 1990), eftir lát Guðjóns? Þá teldu þeir, sem til þekkja, að ástæða væri til að draga í efa undirritun Guðjóns á erfðaskránni með sam-  
anburði á henni og í gestabók, á jólakort og ferðatékka. Enn fremur hefði komið fram í fjölmörgum samtölum Guðjóns um erfðamál sín, m. a. við Egil Sigurgeirsson, hjúkrunarfræðing, ættingja og vini, eftir þann tíma, sem erfðaskráin ætti að hafa verið gerð, að hann hefði enga erfðaskrá gert. Hefði Egill Sigurgeirsson átt viðræður við Guðjón á þessu ári, þ. e. 1990, um gerð erfðaskrár, sem ekkert hefði orðið úr, en Egill teldi, að Guðjón hefði ekki gert erfðaskrána án sinnar vitundar, og samtöl sín á þessum tíma og áður við Guðjón hefði verið ómögulegt að skilja með öðrum hætti en þeim, að hann hefði aldrei gert erfðaskrá. Að auki er fullyrt í bréfinu, að Guðjón hafi verið við fulla andlega heilsu, er erfðaskráin á að hafa verið undirrituð.

Í þágu rannsóknar málsins fóru fram skriftarrannsóknir á nafnritun Guðjóns undir erfðaskrána, annars vegar af hálfu Haralds Árnasonar, rannsóknarlögreglumanns í tæknideild Rannsóknarlögreglu ríkisins, og hins vegar U. Filtenborgs, rannsóknarlögreglumanns í skjaladeild ríkislögreglu-  
stjórans í Danmörku.

Í skýrslu Haralds Árnasonar, sem dagsett er 29. nóvember 1990, segir m. a., að við samanburð á hinni vefengdu nafnritun við staðfest sýni af nafnritunum Guðjóns komi í ljós skriftarlegt ósamræmi í veigamiklum atriðum. Virðist hin vefengda nafnritun hafa verið skrifuð fremur hægt, en við það verði drættir óruggir, skriftin fái á sig ómarkvissa eða skjál-  
fandi áferð, og þrýstíaherslur hverfi. Sjáist þetta greinilega á ljósmynd, sem fylgi með rannsóknargögnunum, þar sem hin vefengda nafnritun sé sýnd stækkuð um helming, en þessi atriði séu ekki í samræmi við þá þjálfun og festu, sem fram komi í staðfestum nafnritunum Guðjóns. Auk þessa leiði samanburður í ljós skriftarlegt ósamræmi í stafaformi og tengingum sem hér segir:

1. Bætt hafi verið við enda á upphafsstriki á „G“.
2. Form á lykkju á „G“ sé í ósamræmi.
3. Form á lykkju á „G“ sé í ósamræmi.
4. Þverstrik vanti á „ð“.

5. Hlutföll og form á „j“ séu í ósamræmi.
6. Form á neðri hluta á „T“ sé í ósamræmi.
7. Stafirnir „i“ og „t“ séu slitnir sundur.
8. Upphafsstrik á „t“ sé í ósamræmi.
9. Stafirnir „t“ og „s“ séu ekki tengdir samfelldri línu.
10. Form á „o“ sé í ósamræmi.

Niðurstaða Haralds er sú, að nafnritunin „Guðjón F. Teitsson“ á framangreindri erfðaskrá sé ekki í skriftarlegu samræmi við staðfest sýni af nafnritunum Guðjóns F. Teitssonar, sem til rannsóknar voru, og að litlar líkur séu til, að hann hafi ritað nafn sitt á skjalið.

Þá gerði Haraldur einnig samanburðarrannsókn á letri ritvélar ákærða Sæmundar af tegundinni Pro-Lectric 6213, framl.-nr. B3721268, og vélrituðum texta erfðaskrárinnar, og er niðurstaða hans sú, að textinn hafi verið ritaður með nafndri ritvél.

Haraldur hefur komið fyrir dóminn og staðfest ofangreind verk sín. Vitnið kveður niðurstöður sínar um skjalarrannsóknina leiða í ljós, að Guðjón hafi ekki ritað nafn sitt á umrædda erfðaskrá, og sé vitnið sannfært um, að hann hafi ekki gert það, og byggi það á rannsóknnum sínum. Vitnið kveður það álit sitt, að hamli lyf eitthvað hreyfigetu, komi það fram í allri skriftinni og stafagerðinni, en formið, sem stefnt sé að, haldist, og handahreyfingarnar stefni í þá átt, sem þeim sé tamt. Vitnið kveður sér virðast, að Guðjón hafi haft feikilega þjálfun í að skrifa nafn sitt. Hann hafi skrifað það fast, það sé frekar mikill þrýstingur á skriffærin og skriftin ákaflega þjálfuð og alveg laus við hik. Á hinni vefengdu erfðaskrá horfi hins vegar öðruvísi við. Stafaformið sé minna, hlutföllin öðruvísi, og þá séu þar veigamiklir þættir, sem alls ekki séu í samræmi. Lykkjur séu dregnar í aðra átt en venjan hafi verið, þ. e. forminu breytt, önnur hlutföll séu breytt í veigamiklum atriðum, skriftin sé sundur slitin og staðnæmst sé og byrjað aftur, en það komi hvergi fyrir í staðfestum sýnum á nafnritunum Guðjóns á nafni sínu. Vitnið kveður, að sú rithönd, sem fram kemur á nefndri erfðaskrá, hafi ekki verið gerð við þær aðstæður, að sá, sem nafnið ritaði, hafi setið eitthvað óþægilega við skriftir eða snúið eitthvað óþægilega upp á sig.

Samkvæmt gögnum málsins er menntun Haralds Árnasonar í skjalarrannsóknnum sú, að hann lauk árið 1973 hluta af tækninámi við Institute of Applied Science, viðurkenndan bandaríska bréfaskóla. Þá stundaði hann nám hjá Forensic Science Laboratory í Birmingham, Englandi, sem heyrir til breska innanríkisráðuneytinu (Home Office), árið 1990. Að auki sat Haraldur námsstefnu hjá Statens kriminalteknisk laboratorí í Svíþjóð árið 1990. Haraldur hefur unnið að skjalarrannsóknnum hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins frá 1977 og lokið rannsóknnum í 80-90 málum með formlegri niðurstöðu frá ársbyrjun 1989.

Í skýrslu U. Filtenborgs rannsóknarlögreglumanns, dagsettri 19. apríl 1991, sem þýdd hefur verið af löggiltum skjalapýðanda, segir m.a., að rannsóknin sýni, að strikadráttur í hinni vefengdu nafnritun sé óviss og komi fram í því, að skjálfti sé á drættinum, en hann stafi ekki af gerð pappírsins og megi einnig rekja til óeðlilegra hléa, sem bendi til þess, að nafnið hafi verið ritað hægt. Kunni öryggisleysið að stafa af því, að skrifarinn hafi reynt að breyta skrift sinni, en hann telji hins vegar líklegra, að hér sé um að ræða frihendisfölsun (tilraun til að stæla skrift) á sannri nafnritun. Það, hversu óeðlilega oft er gert hlé á nafnrituninni, kunni að stafa af því, að skrifarinn - til þess að átta sig á sönnu undirskriftinni - gerir smáhlé á stöðum, þar sem venjulega er ekki staldrað við í sönnu undirskriftinni. Enn fremur megi lýsa skriftinni svo, að hún sé léttþrýst, þar eð unnt sé að finna jafnan skriftarþrýsting.

Í niðurstöðum skýrslunnar segir, að þegar samanburður sé gerður á skriftinni á hinni vefengdu nafnritun og skriftinni á hinum ómeðvituðu nafnritunum Guðjóns, sem U. Filtenborg hafði undir höndum, séu ekki talin líkindi til þess, að í tengslum við vefengdu nafnritunina hafi verið gerð tilraun til að breyta skriftinni, því að við athugun á hinni vefengdu nafnritun og nafnrituninni í sýnishornagögnunum sjáist nokkur samkvæmni í heildarsvipnum, en hugsanleg tilraun til breytingar á skrift miði ekki að slíku. Á skriftinni í hinni vefengdu nafnritun og skriftinni í rithandarsýnishornunum hafi verið sannreynd nokkur veruleg frávik. Þegar litið sé til þess, hversu veruleg hin sannreyndu frávik séu á skriftinni á hinni vefengdu nafnritun og skriftinni á hinum fyrirbyggjandi ómeðvituðu nafnritunarsýnishornum, sem Guðjón F. Teitsson ritaði, geti skýrslugjafi gefið þá umsögn, að hann telji það sérstaklega líklegt (overordentligt sandsynligt), að hin vefengda nafnritun á nefndri erfðaskrá hafi verið rituð sem frihendisfölsun (tilraun til stælingar), þar sem rétt nafnritun hafi verið notuð sem fyrirmynd. Hafi skrifari hinnar vefengdu nafnritunar reynt að ná fram nafnritun, sem við yfirborðskennnda skoðun leikmanna líkist sannri nafnritun, þ. e. a. s. hún sé gerð þannig, að unnt sé að villast á henni og sannri nafnritun. Þegar nafnritun sé gerð með þeim hætti, sem hér greini, geti verið erfiðleikum bundið að finna hlutaðeigandi skrifara, því að persónuleg sérkenni í skriftardráttum sé sjaldnast að finna í slíkri nafnritun.

Í málinu liggur fyrir yfirlýsing Egils Sigurgeirssonar hæstaréttarlögmanns, dagsett 29. nóvember 1990. Kemur þar fram, að Egill hafi þekkt Guðjón heitinn Teitsson frá því fyrir síðari heimsstyrjöld og þeir farið saman margar ferðir á skíði í um 20 ár og síðan í hestamennsku, uns Guðjón hafi hætt í þeirri íþrótt fyrir nokkrum árum. Í mörgum samtölum sínum við Guðjón hafi stundum borið á góma, að Guðjón ætti eftir að ganga frá erfðaskrá sinni og hvernig hann helst vildi hafa hana. Hafi

Guðjón aldrei verið ákveðinn, hvernig hún ætti að vera, sér vitanlega. Hins vegar hafi alltaf verið gert ráð fyrir því, að Egill ætti að gera erfðaskrána, er Guðjón hefði ákveðið sig í því efni. Hafi Guðjón komið til sín á skrifstofuna eftir áramótin 1990 til að tala við sig. Þeir hafi fyrst talað um mál, sem Guðjón átti að fara að flytja fyrir sjálfan sig í Hæstarétti, en í lokin hafi Guðjón minnst á, að hann ætti eftir að gera arfleiðsluskrá og að hann þyrfti að tala seinna við Egil um það, því að hugur sinn væri allur við hæstaréttarmálið.

Næst hafi Guðjón hringt til sín, eftir að hann hafði flutt málið, en áður en dómur hafði verið kveðinn upp í því, og hafi hann þá verið allur hinn brattasti og sagt, að hann hefði talað við Jón Þórarinsson um tónlistarhúsið og söfnunina til byggingar þess. Þyrfti hann að athuga það mál miklu betur, þ. e., hvort hann færi að arfleiða þá, því að þetta yrði svo mikið fé, milli 20 og 30 milljónir króna með íbúðinni. Næst hafi Guðjón talað við sig, er dómur var fallinn í Hæstarétti og hann var búinn að fá sent bréfið og uppdrættina að tónlistarhúsinu frá Ármanni Ármannssyni. Þá hafi Guðjón talað fram og aftur um málið nokkra stund og sagt, að hann hefði alltaf verið svo hrifinn af söng og tónlist, og því væri úr vöndu að ráða, hvað hann ætti að gera. Eftir að hann hafði rætt þetta nokkra stund, hafi hann sagt, að hann „mætti ekki vera að þessu, því að hann ætlaði að skreppa í sund“.

Síðan segir svo: „Það næsta, sem gerist í málinu, er það, að Sæmundur Kjartansson læknir hringir til mín á skírdag (12. apríl 1990, innskot dómsins). Segir hann mér, að Guðjón liggi á Landakotsspítala og hafi verið mikið veikur, en nú hafi „bráð af honum“, og hvort ég geti ekki heimsótt hann næsta dag, föstudaginn langa, og gert fyrir hann erfðaskrá. Ég taldi öll tormeiki á því, mér væri boðið til fjölskyldunnar, og erfitt myndi að fá notarius til að koma, en ég skyldi gera þetta strax eftir páska. Skildi þannig með okkur, að meira var ekki talað. Næst gerist það, að Guðjón hafi beðið sig í vikunni eftir páska að heimsækja sig, því að hann þurfi að biðja mig að geyma lykla sína, því að vinir sínir séu svo ágengir við sig, að hann viti ekki, nema þeir gætu náð lykklunum. Ég fór svo upp á spítala og talaði við hann. Fékk hann mér kvittun, sem spítalinn hafði gefið honum, þar sem í stóð, að ekki mætti afhenda umslagið með lykklunum nema gegn þessari kvittun. Virtist mér hann í þetta sinn vera með fullu ráði. Ekki minntist hann við mig á erfðaskrá í þetta sinn, og datt mér ekki í hug, að hann ætti svo skammt eftir.

Aldrei minntist Guðjón á við mig, að hann væri búinn að gera erfðaskrá, og kom það mér því mjög á óvart, þegar Sæmundur Kjartansson afhenti mér slíkt skjal, dagsett 20. desember 1989, það er, nokkrum dögum áður en Guðjón talaði um það við mig, að hann þyrfti að gera arfleiðsluskrá.“

Yfirlýsing þessa hefur hæstaréttarlögmaðurinn staðfest fyrir dómi.

Þá hefur verið lögð fram í dóminum yfirlýsing Bryndísar Konráðsdóttur hjúkrunarfræðings og Jóns Brynjólfssonar verkfræðings, dagsett 18. október 1990, sem þau hafa bæði staðfest fyrir dómi. Í því kemur fram, að Guðjón Teitsson hafi hringt til þeirra kl. 10.00 að morgni 10. apríl 1990. Hafi hann þá verið sjúkur af krabbameini og átt að leggjast inn á spítala morguninn eftir. Hafi hann beðið þau, hvort í sínu lagi, að koma til sín til sameiginlegs viðtals og þau verið komin til hans fyrir kl. 11.00 um morguninn. Hafi Guðjón verið skýr og yfirvegaður í tali og hugsun. Hafi tilgangur Guðjóns með kvaðningu þessari verið að tilkynna þeim ráðstöfun eigna sinna eftir sinn dag og tilkynna þeim erfingja sína, sem voru eftirtaldir:

1. Frænkur hans þrjár, Helga Daníelsdóttir, Sigurbjörg Símonardóttir og Sigrún Símonardóttir f. h. sonar síns, Guðjóns.
2. Krabbameinsfélagið eða Tónlistarfélagið.
3. Jón Brynjólfsson verkfræðingur.

Segir síðan í yfirlýsingunni:

Ekki nefndi Guðjón upphæðir, heldur aðeins, hverjir væru erfingjar sínir.

Guðjón lýsti því, að hann vildi gera erfðaskrá með ofangreindum erfingjum.

Bryndís (sem vinnur hjá heimahlyningu Krabbameinsfélags Íslands, innskot dómsins) benti Guðjóni á að ganga sem allra fyrst formlega frá erfðamálunum og fá til þess þá hjálp, sem til þyrfti, því að heilsu hans færi nú hrakandi.

Guðjón lýsti yfir, að hann hefði engum sagt eins mikið um erfðamál sín og Jóni Brynjólfssyni.

Þá liggja fyrir í málinu fjölmörg sýnishorn af eiginhandarundirskrift Guðjóns F. Teitssonar og rithendi hans að öðru leyti frá árunum 1989 og 1990, þ.e. bæði fyrir og eftir að umrædd erfðaskrá á að hafa verið gerð. Þá liggja fyrir í málinu ljósrít af vélritaðri blaðagrein hans frá 4. febrúar 1990 (rúmlega 7 blaðsíður), ljósrít af vélrituðu bréfi hans til samgönguráðherra frá 2. mars 1989 (rúmlega 10 blaðsíður) og ljósrít af vélrituðu bréfi hans til forseta Hæstaréttar (rúm 1 blaðsíða), dagsett 20. janúar 1990, en samkvæmt gögnum málsins voru bréf þessi öll vélrituð af Guðjóni sjálfum.

Með yfirlýsingu, dagsettri 10. júlí 1991, féll ákærði Sæmundur frá öllum kröfum um greiðslu arfs úr dánarbúi Guðjóns F. Teitssonar samkvæmt nefndri erfðaskrá. Jafnframt fór ákærði þess á leit við lögerfingja Guðjóns, að þeir afturkölluðu fram komna kærú og féllu frá öllum kröfum af sinni hálfu um opinbera málshöfðun á hendur sér. Af hálfu lögerfingjanna var

á þetta fallist með bréfi lögmanns þeirra til Rannsóknarlögreglu ríkisins, dagsettu samdægurs framangreindri yfirlýsingu.

Ákærði Sæmundur var yfirheyrður hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins 19. desember 1990 og 3. júní 1991.

Ákærði skýrir svo frá í yfirheyrslunni 19. desember 1990, að hann hafi kynnst Guðjóni Teitssyni árið 1979 og vinskapur þeirra farið vaxandi, og telji ákærði Guðjón hafa verið besta vin sinn og það verið gagnkvæmt. Hafi þeir haft sama áhugamál, taflmennsku. Hafi þeir að jafnaði teflt þrjú kvöld í viku síðustu æviár Guðjóns til skiptis heima hjá ákærða eða Guðjóni. Þá hafi þeir verið saman í skáklúbbi og teflt þar hálfsmánaðarlega. Ákærði kveður Guðjón hafa kennt óljósra óþæginda vorið 1989 og ákærði vísað honum til Landakotsspítala til innlagningar. Eftir að hann útskrifaðist þaðan, hefði ákærði hvatt hann aftur til innlagningar og þá komið í ljós, að hann var með krabbamein, sem komið hefði verið meira og minna út um allan líkamann. Hefði Guðjón gengist undir skurðaðgerð í ágúst 1989 og eftir hana talið sig eiga möguleika á að geta lifað eitt og hálf til tvö ár til viðbótar. Ákærði kveður Guðjón hafa farið að kvarta um verki í desember 1989, aðallega í öxlum og handleggjum, og skömmu eftir það verið settur á lyfjameðferð, sem ekki hafi virst koma að gagni. Um þetta leyti hafi hæstaréttarmál, sem Guðjón flutti sjálfur fyrir sína hönd, átt hug hans allan. Hafi ákærði reynt að fá Guðjón til að samþykkja, að hæstaréttarlögmaður flytti málið fyrir hann, en hann verið ófáanlegur til þess.

Ákærði kveður Guðjón oft hafa minnst á erfðamál sín við sig um þriggja ára skeið fyrir andlát sitt og þá ævinlega á einn veg, þ. e., að hann hygðist láta mestallar eigur sínar ganga til byggingar Tónlistarhúss. Það hafi síðan verið í febrúar 1990, að Guðjón hafi minnst á, að hann ætlaði að ánafna þremur frænkum sínum og syni einnar þeirra „eitthvað smávegis“, eins og hann orðaði það, og tekið það fram, að hann væri alveg óskuldbundinn ættingjum sínum.

Síðan skýrir ákærði svo frá:

„Það var um miðjan desembermánuð 1989, að við Guðjón sátum að tafli heima hjá honum, sem hann fyrst minntist á að arfleiða mig að einhverju. Ég eyddi þessu í bili og taldi mig ekki hafa þörf á neinum arfi. Hann hringdi svo nokkrum dögum síðar á læknastofu mína á Laugavegi 39 og vildi ganga frá „bráðabirgðaerfðaskrá“ og hvort hann gæti komið heim til mín, þegar ég hefði lokið vinnu á stofunni.

Það talaðist svo til með okkur, að hann kæmi á milli kl. 17.00 og 18.00 heim til mín og hvort ég gæti hagað því svo til, að þar yrðu tveir menn, sem við þekktum báðir eða báðir þekktu okkur. Ég hringdi heim til Y og bað hann um að koma heim til mín á þeim tíma, sem ég nefndi áðan, og taka nokkrar skákir. Ekki þá nefndi ég Guðjón eða erfðaskrána á nafn.

X kom á stofuna til mín svo sem oft áður, og urðum við samferða heim til mín, en við X tókum oft skák. Við X vorum komnir heim um kl. 17.00. Ég opnaði með lykli, og var enginn fyrir í íbúðinni. Við X settumst þegar að tafla við borðstofuborðið. Y kom eftir nokkrar mínútur.

Guðjón kom svo skömmu seinna. Ég hætti tafla og settist inn í setustofuna með Guðjóni. Rennihurð er á milli borðstofunnar og setustofunnar, og minnir mig, að ég hafi lokað henni á eftir okkur. Guðjón var með samanbrotin blöð í innanávasa í jakka sínum. Hann tók þau upp og las mér fyrir og bað mig að skrifa textann á ritvél, en ég er með þrjár ritvélar þarna heima. Þarna las Guðjón fyrir mig erfðaskrá mér til handa, og átti ég að erfa helming eigna hans eftir hans dag. Mér fannst þetta allt of mikið, en þá sagði hann, að hann byggist við að vera búinn að gefa mestan hluta eigna sinna fyrir andlát sitt, svo að þetta yrðu væntanlega engin ósköp. Ég benti Guðjóni á borgarfégeta og lögmann, þar sem ég hafði sjálfur einu sinni gert erfðaskrá og farið þannig að. En Guðjón vildi ganga frá þessu þá strax og sagði, að þetta breyttist sjálfkrafa, þegar hann gerði formlega erfðaskrá. Þar með voru þeir kvaddir til að verða vottar að undirskrift Guðjóns.

Við allir þrír horfðum á Guðjón skrifa undir erfðaskrána. Undirskrift fór fram á sófaborðinu í stofu þeirri, er við Guðjón vorum í. Erfðaskrána skrifaði ég í einriti og setti hana inn í bók og gekk illa að finna hana síðar. Ég áætla, að það hafi tekið mig 15 mínútur að skrifa erfðaskrána eftir upplestri Guðjóns, og því höfum við verið einir inni í herberginu í um 20 mínútur.“

Þá skýrir ákærði svo frá í skýrslu þessari, að meðan Guðjón hefði verið á spítalanum í mars 1990 og reyndar áður, hefði það oft borist í tal, að hann ætlaði að ganga formlega frá eignum sínum, en þó hefði hann aldrei virst geta gert upp hug sinn um það, hvernig hann ætti að ráðstafa þeim. Það hafi loks verið á skírdag, að hann hafi ennþá einu sinni farið að tala um þetta og komist svo að orði, að hann væri „að falla á tíma“. Hafi hann beðið sig að hringja í Egil Sigurgeirsson hæstaréttarlögmann til að fara þess á leit við hann að koma á spítalann og ganga frá formlegri erfðaskrá. Hafi ákærði hringt heim til Egils og mælst til þess, að hann kæmi daginn eftir, en Egill sagst vera vant við látinn um páskana, en hann myndi koma við fyrstu hentugleika.

Ákærði kveður það munu hafa verið í júní eða júlí 1990, að hann hafi hitt vin sinn, Inga Ingimundarson hæstaréttarlögmann, og sagt honum, að Guðjón hefði arfleitt sig að „einhverju“. Hafi Ingi svo hringt til ákærða nokkru síðar og sagt, að tilkynning um innköllun hefði birst í Lögbirtinga-bláðinu, og ákærði nokkru síðar haft samband við Egil Sigurgeirsson, sem hafi sagt sér að skila erfðaskránni inn sem fyrst. Hafi orðið dráttur á, að

ákærði skilaði erfðaskránni, og ákærði bæði gleymt henni og ekki fundið hana. Muni ákærði hafa skilað henni inn í október. Ákærði kveðst ekki hafa vitað, hverjar eigur Guðjóns voru eða hverju ákærði ætti von á, en vitað, að hann átti íbúðina, sem hann bjó í.

Ákærða var í yfirheyrslunni kynntur framburður meðákærða Y þess efnis, að ákærði hefði beðið Y að rita nafn sitt á þrjú auð blöð af stærðinni A-4 nokkru eftir áramót 1989-1990. Svarar ákærði því sem hér segir: „Þetta er eitthvert rugl hjá Y, en mig minnir, að Y hafi tvívegis „lánað“ mér nafn sitt á tilboð í bíla frá sölunefndinni. Þau blöð eru miklu minni og eru ekki auð. Y vissi ekkert af afdrifum þessara tilboða.“

Í yfirheyrslunni 3. júní 1991 greinir ákærði m. a. nánar frá atvikum um gerð erfðaskrár þeirrar, sem mál þetta er sprottið af. Kveður ákærði, að Guðjón hafi haldið eftir blaðinu, sem hann hafi komið með, og haft á orði, að hann myndi geyma það.

Við dómsmeðferð málsins hefur ákærði skýrt frá aðdraganda erfðaskrárgerðar þeirrar, sem ákært er út af, á sama veg og rakið hefur verið. Ákærði kveðst hafa litið á erfðaskrána sem bráðabirgðagjörning, og hafi Guðjón haft ástæðu til að ætla á þeim tíma, sem erfðaskráin var gerð, að hann myndi lifa eitt til eitt og hálf og jafnvel tvö ár til viðbótar og talið sig hafa nógan tíma. Ákærði kveðst ekkert hafa minnst á þessa erfðaskrá við Egil Sigurgeirsson hæstaréttarlögmann á skirdag 1990 og fyrst sagt honum frá henni um sumarið og þá sagt, að einhvers konar erfðaskrá væri í sínum fórum, en það dregist fram í síðari hluta október, að ákærði skilaði henni. Ákærði kveður ætlun Guðjóns hafa verið að arfleiða svonefnt tónlistarhús í Reykjavík að langmestum hluta eigna sinna, og af því, sem eftir væri, þegar hann væri búinn að því, ætlaði hann að arfleiða þrjár frænkur sínar að einhverju, sem hann hafi kallað óverulegt, og síðan ákærða þannig, að ásetningur hans hafi verið sá að vera búinn að ganga svo frá þessu, að sem minnstur hluti færi til „ríkisins“, þar sem hann hafi talið sig hafa verið illa hlunnfarinn af „ríkinu“ um lífeyrissjóðsmál sín. Hafi Guðjóni verið mjög í mun, að eignir sínar kæmust óskiptar til þeirra, sem hann ætlaði að láta þær fá, í stað þess, að „svo og svo stór hluti þeirra rynni til ríkisins“. Ákærði kveður Guðjón ekkert hafa minnst á, að ákærði ætti að fá einhverjar ákveðnar eignir, í stað þess að tilgreina hundraðshlutfall það, sem ákærði átti að fá af eignum hans.

Ákærði X var yfirheyrður hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins 20. desember 1990 og 22. maí og 3. júní 1991.

Við yfirheyrslu 20. desember 1990 skýrir ákærði svo frá, að hann hafi verið málkunnugur Guðjóni Teitssyni, auk þess sem þeir hafi alloft teft saman. Þó hafi enginn samgangur verið milli þeirra og þeir aldrei komið hvor á annars heimili. Ákærði kveður, að skömmu fyrir jól 1989 hafi hann

verið staddur á læknastofu meðákærða Sæmundar og svo æxlast til, að hann hafi farið heim með Sæmundi, er hann hafði lokið störfum þar. Hafi þá ekkert verið minnst á erfðaskrá eða Guðjón Teitsson. Kveðst ákærði telja, að klukkan hafi verið 18.00, er þeir komu heim til Sæmundar. Hafi meðákærði Y komið eftir þetta og hann og ákærði verið byrjaðir að tefla, er Guðjón Teitsson kom. Hafi Guðjón verið kátur og hress, eins og hann átti að sér. Hafi Sæmundur og Guðjón farið eitthvað að „bauka“ saman í herbergi við hliðina á eldhúsinu og læst að sér. Hafi þeir dvalist allengi í herberginu eða hátt á aðra klukkustund. Guðjón hafi síðan komið fram í herbergið, þar sem þeir Y sátu að tafli, og beðið þá að koma fram og tala við sig. Hafi þeir farið með Guðjóni inn í herbergið, sem þeir Sæmundur höfðu verið í, og Guðjón spurt, hvort þeir vildu votta undirskrift hans á „þessu blaði“. Kveðst ákærði ekki minnst þess, að tekið væri fram, að um erfðaskrá væri að ræða. Kveðst ákærði ekkert hafa lesið það, sem á blaðinu stóð, heldur ritað nafn sitt sem vitundarvottur, eftir að hann hafði horft á Guðjón rita nafn sitt á það með eigin hendi og ótilneyddur. Kveðst ákærði ekki hafa orðið var við, að Guðjón væri á einhvern hátt óstyrkur eða hikandi, er hann ritaði nafn sitt á skjalið, en ákærði hefði þó aldrei áður séð hann undirrita skjöl. Hafi engar viðræður farið milli viðstaddra um skjalið og þeir farið af heimili Sæmundar fljótlega eftir undirritunina. Minnir ákærða helst, að þeir hafi allir farið um svipað leyti. Hafi þeir Sæmundur ekkert rætt um skjal þetta og ákærði fyrst vitað við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu, að skjalið væri erfðaskrá, og ákærði fyrst lesið efni skjalsins við fyrstu yfirheyrslu þar.

Ákærði kvað niðurstöður skriftarrannsókna koma sér mjög á óvart, þar sem hann hefði séð Guðjón „undirrita eitthvert skjal“ eigin hendi á heimili Sæmundar skömmu fyrir jól 1989, þ. e., ákærði hefði vottað það með undirskrift sinni, auk þess sem Y hefði einnig vottað það. Kvaðst ákærði telja, að afrit erfðaskrár þeirrar, sem ákært er út af í máli þessu og sér var sýnt við yfirheyrslu, væri það skjal, sem ákærði hefði séð Guðjón undirrita, en ákærði gæti þó ekki fullyrt, að um sama skjal væri að ræða, þar sem hann hefði ekki lesið texta þess, þegar undirritun þess fór fram.

Í yfirheyrslu 25. maí 1991 skýrir ákærði þannig frá undirritun Guðjóns undir nefnda erfðaskrá: „Mér fannst Guðjón skrifa á pappirsörkina og ýta henni síðan til mín og benda mér á, hvar ég ætti að skrifa sem vottur. Eftir að ég hafði skrifað nafn mitt, fór ég strax út úr herberginu og settist yfir skák okkar Y, og því horfði ég ekki á Y votta, ef hann hefur gert það. Ég vissi ekki fyrr en töluvert síðar, að Sæmundur sagði mér, að um erfðaskrá hefði verið að ræða, Guðjón hefði verið að arfleiða Sæmund. Þetta barst aldrei í tal þarna um kvöldið, svo að ég heyrði.“ Ákærða var í yfir-

heyrslunni sýnt frumrit nefndrar erfðaskrár, og fullyrti ákærði, að hann hefði ritað nafn sitt á hana sem vottur.

Í yfirheyrslu 3. júní 1991 skýrir ákærði enn frekar frá undirskrift sinni sem vottur greint sinn. Kveður ákærði umrætt skjal ekki hafa farið úr aug-sýn sinni, frá því að honum „fannst“ Guðjón skrifa undir og þar til ákærði vottaði það. Síðan segir ákærði orðrétt: „Ég hef aldrei áður skrifað nafn mitt á blað, þar sem nafn Y var fyrir.“ Ákærða var kynntur framburður Y um það, að efni þess skjals, sem hann hefði undirritað greint sinn, hefði verið annað en fram komi í erfðaskrá þeirri, sem um ræðir í máli þessu. Er þá haft eftir ákærða: „Mér finnst þetta þvæla hjá Y.“

Fyrir dómi sagði ákærði, að sig minnti, að Sæmundur hefði kallað á sig inn í herbegi til að votta erfðaskrána, en var ekki viss um það. Kvað ákærði, að Guðjón Teitsson hefði verið hress umrætt sinn. Ákærði kvaðst ekkert hafa lesið yfir skjal það, sem hann ritaði undir, og ekki einu sinni litið á það. Kvaðst ákærði enga stund hafa verið að rita nafn sitt á skjalið. Ákærði mundi ekki til þess að hafa sagt við yfirheyrslu hjá Rannsóknar-lögreglu ríkisins, að það væri þvæla hjá Y, að sá hefði greint sinn vottað annan gjörning en erfðaskrá þá, sem til umfjöllunar er í máli þessu. Spurður um, hvort ákærði væri viss um, hvort Guðjón hefði skrifað nafn sitt á greint skjal, áður en ákærði vottaði það, svaraði ákærði orðrétt: „Maður er aldrei viss, af því að ég var ekkert að spekulera í því. Maður bara beið eftir að skrifa sjálfur.“ Ákærði kvað sig ekkert varða um, hvað þetta var, sem hann skrifaði nafn sitt undir, og snerti það hann ekkert. Hann hefði einungis verið beðinn um að „lána“ nafn sitt og ekkert meira verið að hugsa um þetta. Kvaðst ákærði hafa haft einhverja óljósa hug-mynd um, að hann hefði verið að votta erfðaskrá, en mundi ekki, hvort nefnt hefði verið, að um erfðaskrá væri að ræða.

Ákærði Y var yfirheyrður hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins 19. og 28. desember 1990 og 22. maí og 3. júní 1991.

Í fyrstu yfirheyrslu skýrir ákærði svo frá, að kunningsskapur sinn og Guðjóns Teitssonar hafi ekki verið mikill, t. d. hefðu þeir aldrei komið hvor á annars heimili. Hafi ákærði alloft hitt Guðjón í Sundhöllinni og þeir þá oft tekið tal saman og einkum um sameiginlegt áhugamál þeirra, skák, og stundum um sameiginlegan kunningja þeirra, ákærða Sæmund, en yfirleitt einungis um daginn og veginn.

Ákærði kveðst hafa verið staddur á heimili Sæmundar skömmu fyrir jól 1989, að kvöldi dags, er Guðjón hafi komið þangað. Hafi ákærði komið milli klukkan 17.00 og 18.00 og þar verið fyrir ákærðu Sæmundur og X. Hafi þeir ekki verið búnir að dveljast þarna lengi, er Guðjón birtist, en Sæmundur hefði ekkert verið búinn að minnast á það, að hans væri von. Telur ákærði víst, að Sæmundur hafi hringt til sín í þeim tilgangi að tefla,

en það hafi þeir gert reglulega. Kveður ákærði áreiðanlegt, að Sæmundur hafi ekkert minnst á erfðaskrá eða neitt í tengslum við það, því að það hefði komið flatt upp á sig, er Sæmundur fór þess á leit við sig, að hann vottaði erfðaskrá Guðjóns. Hafi ákærði og X tekið tafl saman, og nokkru eftir það hafi Guðjón komið í dyr herbergisins, sem þeir X voru í, og ávarpað þá eitthvað á þessa leið: „Gætuð þið gert mér þann greiða að koma hérna fram.“ Hafi Guðjón verið eins og hann átti að sér, háttvís og kurteis. Hafi þeir X farið inn í stofu ásamt Guðjóni, og var Sæmundur þar fyrir. Hafi Guðjón beðið ákærða og X að votta undirskrift sína á erfðaskrá, og geti ákærði ekki betur séð en um sama skjal væri að ræða og lá frammi í afriti við yfirheyrsluna, þ. e. erfðaskrá þá, sem mál þetta er sprottið af. Síðan skýrir ákærði svo frá: „Mætti kveðst hafa horft á það berum augum, þegar Guðjón heitinn ritaði eigin hendi nafn sitt á erfðaskrána. Kveður hann Guðjón hafa setið við sófaborð í stofunni, þegar hann undirritaði erfðaskrána, og síðan hafi þeir X ritað nöfn sín sem vitundarvottar.“ Síðan segir ákærði: „Mætti kveðst ekki hafa lesið hana (þ.e. erfðaskrána, innskot dómsins) orði til orðs, en hann hafi „rennt“ lauslega yfir hana. Kveðst mætti þó ekki geta séð betur en hér frammi liggja afrit þeirrar erfðaskrár, sem hann undirritaði. Mætti kveðst þó sjá nú, þegar hann lesi skjalið betur, að þar sé orðalag, sem hann telji ekki beinlínis eiga við, eins og t.d. „...erum báðir nákunnugir arfleiddanda“ og „...í viðurvist sérstaklega tilkvaddra votta“.“

Ákærða voru við yfirheyrsluna kynntar niðurstöður skriftarrannsóknar Rannsóknarlögreglu ríkisins. Skýrir ákærði þá svo frá, að sér komi niðurstöðurnar á óvart, því að ákærði hafi séð Guðjón skrifa nafn sitt á skjal, sem sér hafi verið sagt, að væri erfðaskrá. Kveðst ákærði telja, að um sama hefði verið að ræða og lá frammi í afriti við yfirheyrsluna, en ekki geta fullyrt neitt um það.

Síðan skýrir ákærði svo frá sem hér segir: „Mætti kveðst muna það nú, þegar hann fari að rifja það upp og eftir að hann hafi heyrt niðurstöðu tæknideildar RLR, að nokkru eftir áramót 1989-1990 hafi Sæmundur Kjartansson beðið sig að rita nafn sitt á þrjú auð blöð af stærðinni A-4, og hefði það verið vegna tilboða, sem hann ætlaði að gera í bíla hjá Sölunefnd varnarliðseigna. Kveðst mætti ekki minnst þess að hafa séð umrædd blöð síðan og ekkert heyrt frá sölunefndinni. Kveðst mætti ekki hafa leitt hugann að þessu fyrr en nú, að hann heyrir niðurstöðu rithandarrannsóknar RLR. Mætti kveðst einnig vilja taka það fram nú, þegar hann hefur lesið afrit erfðaskrárinnar orð fyrir orð, að þar sé orðalag, sem sér finnst hann ekki kannast við og sér finnst ekki hafa verið á því skjali, sem hann undirritaði sem erfðaskrá Guðjóns Teitssonar. Kveður hann þar vera um að ræða orðalagið: „... skal erfa 50% (helming) allra þeirra eigna....“

og orðalagið: „... skal þessi arfur ganga til barna hans“. Kveður hann þetta mjög undarlega orðað, þ. e., að Sæmundur skuli erfa helming allra eigna Guðjóns, og hefði hann örugglega hnotið um það á þeim tíma, þegar hann vottaði erfðaskrána. Einnig kveður mætti orðalagið: „...skal þessi arfur ganga til barna hans“ - koma sér spáskt fyrir sjónir nú, og hefði hann áreiðanlega hnotið um þetta orðalag á sínum tíma. Kveðst mætti alls ekki sætta sig við þetta orðalag, því að hann segist þess fullkomlega viss, að hann hefði munað það, hefði það verið ritað í texta þess skjals, sem hann undirritaði sem erfðaskrá á heimili Sæmundar Kjartanssonar.“

Hinn 28. desember 1990 mætir ákærði að eigin frumkvæði hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins og óskar eftir að gefa aðra skýrslu um ýmis atriði varðandi erfðaskrá þá, sem mál þetta snýst um. Í upphafi skýrslu sinnar greinir ákærði frá því, að hann hafi brotið heilann mjög mikið um erfðaskrána og átt andvökunætur út af þessu öllu saman og mikið reynt að rifja upp, hvað það hafi í raun og veru verið, sem hann undirritaði á heimili Sæmundar Kjartanssonar skömmu fyrir jól 1989. Sé ákærði ákaflega efins um það nú, eftir að hann hafi hugsað málið fram og aftur, að það hafi verið erfðaskrá Guðjóns Teitssonar, sem hann hafi vottað umrætt kvöld. Kveðst ákærði vera mjög minnugur á tölur, og myndi hann örugglega muna eftir tölunni 50%, hefði hún verið rituð á skjalið. Einnig kveður ákærði orðalagið: „...ef eitthvað óvænt hendir hann, skal þessi arfur ganga til barna hans“ - vera sér mjög framandi og kveður nær óhugsandi, að þau orð hafi verið rituð á skjalið. Finnist ákærða, að um hafi verið að ræða „minni háttar plagg“, sem hann hafi verið að votta greint sinn, en alls ekki erfðaskrá. Ef svo hefði verið, myndi hann örugglega betur eftir skjalinu og efni þess. Síðan segir ákærði: „Y kveðst einnig vilja geta þess, að Sæmundur Kjartansson hafi komið að heimili sínu að Freyjugötu 34 að kvöldi 19. 12. sl., þ. e. sama dag og hann hafði verið í skýrslutöku hjá RLR. Hefði Sæmundur verið mjög æstur og spurt sig, hvers konar „djöfulsins fábjani“ hann væri. Kveður hann sér hafa brugðið mjög við þessa framkomu Sæmundar. Ekki kveðst Y þó geta fullyrt, hvort hann notaði orðið fábjani eða fifl, en það hafi verið í þeim dúr. Hefði Sæmundur sagt, að hann, þ. e. Y, hefði ekkert átt að minnast á þessi auðu blöð, sem hann hefði undirritað og getið um hjá RLR. Hefði Sæmundur haldið því fram, að það væri misskilningur, að hann hefði ritað nafn sitt á einhverju auð blöð, því að nú væru notuð sérstök form hjá Söslunefnd varnarliðseigna varðandi tilboð í bíla, og hefðu það verið slík form, sem hann hefði ritað nafn sitt á. Kveðst mætti hafa tjáð Sæmundi, að hann segði hlutina bara eins og þeir væru og að hann hefði ritað nafn sitt á auð blöð fyrir hann. Kveður Y þá ekki hafa rætt neitt umrædda erfðaskrá, og hefði samtali

þeirra lokið með því, að Sæmundur hefði sagt, að hann skyldi halda því fram, ef hann yrði spurður, að hann hefði skrifað nafn sitt á þessi tilteknun form, en ekki auð blöð. Kveður mætti þetta hafa hljómað eins og skipun af hálfu Sæmundar um það, hvernig hann ætti að haga lífi sínu, og hefði samtali þeirra lokið við svo búíð. Kveður Y þetta samtal svo og framkomu Sæmundar, sem hann hefði þekkt í u. þ. b. 20. ár, hafa fullvissað sig um, að eitthvað væri athugasvert við umrætt skjal, sem hann hefði undirritað á heimili Sæmundar, og að þar væru einhverjir maðkar í mysunni. Síðan getur ákærði þess, að sér finnist efni þess skjals, sem hann undirritaði sem vottur greint sinn, hafa fjallað um málverk og verið eins konar gjafabréf. Ákærði kveður sér hafa brugðið í brún, er hann sá, að skjalið bar yfirskriftina ERFÐASKRÁ, er ákærði var staddur á heimili Sæmundar, og fundist við yfirlestur skjalsins, að ekki hafi verið um erfðaskrá að ræða, og sé ákærði þess nánast fullviss, að svo hafi ekki verið.“

Í yfirheyrslu 22. maí 1991 ítrekar ákærði framburð sinn um, að skjal það, sem hann hafi vottað greint sinn, sé ekki erfðaskrá sú, sem mál þetta varðar. Segir ákærði, að á nefndu skjali hafi verið ritað efst orðið *Erfðaskrá*, en efni þess verið annað en fram komi á því skjali, sem frammi liggir í máli þessu. Sé ákærði þess fullviss, að í því skjali, sem hann vottaði, hafi verið rætt um myndverk eða málverk, og sé það mjög fast í huga sér, að um hafi verið að ræða málverk eftir Jóhannes Sveinsson Kjarval. Síðan segir ákærði: „Kveður mætti það fullvíst, að hann hafi með einhverju móti verið blekkur af Sæmundi, og telur öruggt, að það hafi verið gert með því að biðja hann að undirrita nokkur auð blöð, sem nota átti, að sögn Sæmundar, vegna tilboðs í bíl hjá Sölnunefnd varnarliðseigna. Telur mætti það hljóta að vera, að Sæmundur hafi svo bætt inn á blaðið þeim texta, sem komi fram á skjali því, sem hér liggur frammi við skýrslutökuna og mál þetta snýst um. Kveðst mætti einmitt hafa spurt Sæmund um þessi auðu blöð, sem mætta minnir, að hafi verið 3-4 talsins, þegar hann hafi komið að heimili mætta fyrrnefnt kvöld, og hefði Sæmundur sagst hafa fleygt þeim.“

Í yfirheyrslu 3. júní 1991 kemur fram hjá ákærða, að hann eigi mjög erfitt með að átta sig á því, hve lengi þeir X hafi setið að tafli, áður en Guðjón kom í dyrnar og kallaði á þá. Missi ákærði allt tímaskyn, þegar hann tefli, en þó finnist sér sem ekki hafi liðið mjög langur tími, þar til kallað var á þá. Fyrir dómi hefur ákærði greint svo frá, að kynni sín af Guðjóni Teitssyni hafi ekki verið mjög mikil, og hafi þeir hist þrívægis heima hjá ákærða Sæmundi og þar af tvisvar fyrir þann atburð, sem mál þetta snýst um. Þá hafi þeir oft verið saman í Sundhöllinni og ræðst þar lítilllega við. Hafi Guðjón verið fyrirtaksmaður, háttprúður og þægilegur. Kveðst ákærði langt frá því hafa verið nákunnugur Guðjóni. Ákærði segir

Sæmund hafa hringt í sig greint sinn og spurt, hvort ákærði væri tilbúinn að koma í „túrneringu“, þ. e. lítið skákmót. Hins vegar hafi ekkert orðið úr móti og einungis þeir X teflt. Skýrði ákærði síðan á sama veg og áður frá atvikum við undirskriftir erfðaskrárinnar.

Er ákærða var sýnt frumrit þeirrar erfðaskrár, sem liggur frammi í dómnum, fullyrti hann, að hún væri ekki það skjal, sem ákærði hefði vottað umrætt sinn á heimili Sæmundar. Hins vegar staðfesti ákærði, að um nafnritun sína væri að ræða á erfðaskránni. Kvað ákærði efni þess skjals, sem hann vottaði, hafa snúist um myndverk og ekkert annað og ákærði talið þetta minni háttar mál. Væri efni þeirrar erfðaskrár, sem frammi liggir í dómnum, óþekkjanlegt frá efni þess skjals, sem ákærði vottaði. Minnti ákærða, að myndverkið hefði verið eftir Jóhannes Kjarval, en þorði ekki alveg að fullyrða það. Ítrekaði ákærði það, sem hann hefur borið í yfirheyrslum hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins um það, að hann hefði undirritað þrjú auð blöð fyrir Sæmund í febrúar eða mars 1990, og hefði Sæmundur sagst ætla að nota þau til að gera tilboð í bíla hjá Sölunefnd varnarlíðseigna. Hefði Sæmundi legið mjög á að fá þessi blöð og beðið í ganginum heima hjá ákærða, eftir að ákærði ritaði nafn sitt á þau.

Ákærðu Sæmundur og Y voru samprófaðir fyrir dómi um það, sem milli ber í framburði þeirra, en án árangurs, og héldu þeir hvor um sig fast við framburð sinn.

Verður nú gerð grein fyrir framburði vitna þeirra, er um mál þetta hafa borið.

Bryndís Konráðsdóttir, hjúkrunarfræðingur hjá heimahlyningu Krabbameinsfélags Íslands, kveðst hafa byrjað að hjúkra Guðjóni Teitssyni 7. mars 1990 og sinnt því í félagi við þrjá aðra hjúkrunarfræðinga og tvo lækna til 20. apríl sama ár. Vitnið kveðst hafa farið á fund Guðjóns 10. apríl 1990 að beiðni hans. Þar hafi Guðjón spjallað við vitnið og Jón Brynjólfsson um erfðamál sín, sem hann hafði oft rætt um við vitnið. Hafi legið mjög þungt á honum, að hann væri ekki búinn að gera erfðaskrá, og hann margoft verið búinn að ræða það við þá, sem hjúkrudu honum, að hann væri í vandræðum með það. Hafi Guðjón verið búinn að ræða það áður, að hann ætlaði að láta Tónlistarfélagið fá eignir sínar eftir sinn dag, og hugsað sér það allt fram að því, að hann veiktist og verið farinn að verða háður öðrum um aðstoð og þjónustu. Hafi honum fundist þetta breyta myndinni og hann vera skuldbundinn þremur frænkum sínum. Hafi hann haft á orði, að hann vildi ekki, að arfurinn skiptist milli lögerfingjanna. Þrjár frænkur sínar væru sér mjög kærar og hefðu reynst sér mjög vel, og vildi hann, að þær fengju hluta af arfi sínum. Síðan hafi hann nefnt Tónlistarfélagið, eins og hann hafi alltaf gert, og þá hafi Krabbameinsfélagið verið komið til greina svo og Jón Brynjólfsson, sem mikið hafði

verið hjá honum. Kveður vitnið, að Guðjóni hafi margoft verið bent á að leita sér lögfræðings til að ganga frá þessum málum og að sjálfsögðu verið reynt að sannfæra hann um, að Krabbameinsfélagið sæktist ekkert eftir arfi eftir hann og þjónusta þess stæði honum til boða honum algjörlega að kostnaðarlausu.

Vitnið kveðst ekki muna til þess, að Guðjón hafi nokkurn tíma minnst á það, að ákærði Sæmundur ætti að fá arf eftir sig. Guðjón hafi hins vegar margoft verið búinn að tala um, hvað Sæmundur væri sér góður og að hann væri honum mjög þakklátur, en ekki minnst vitnið þess, að Guðjón hafi nefnt nafn hans í sambandi við þessi erfðamál. Hafi ákærði komið mjög oft til Guðjóns og aðstoðað hann og leiðbeint honum við einhverja meðferð og Guðjón talað um hann sem mjög góðan vin.

Vitnið kveður það hafa verið mat þeirra, er stunduðu Guðjón, að hann væri mjög mikill reglumáður, og þess vegna hefði það komið þeim mjög á óvart, að hann skyldi ekki vera búinn að ganga frá þessum málum, þar sem hann virtist þurfa að setja allt upp, t.d. lyfjagjafir. Virtist það vera einkenni hans að hafa hlutina í röð og reglu.

Helga Danielsdóttir hjúkrunarfræðingur, bróðurdóttir Guðjóns Teitssonar, kveður Guðjón alla tíð hafa verið heilsuhraustan þar til í apríl 1989, að hann hafi fengið viðvarandi hita. Hafi hann farið í rannsókn 24. sama mánaðar, en ekkert athugavert fundist. Hinn 24. júlí sama ár hafi hann verið lagður inn á spítala og þá greinst með meinvarp í beinum og í framhaldi af því með krabbamein í blöðruhálskirtli. Hafi verið gerð aðgerð á Guðjóni í framhaldi af sjúkdómsgreiningu. Hann hafi farið af spítalanum 5. ágúst og þá haft fótaferð og séð alveg um sig sjálfur. Hann hafi staðið í málaferlum við „ríkið“ vegna lífeyrisgreiðslna og sjálfur rekið mál sitt fyrir Hæstarétti. Hafi hann flutt það um miðjan janúarmánuð 1990. Eftir það hafi heilsu hans farið hrakandi og hann verið kvalinn á köflum. Hann hafi haft mjög lítið úthald á afmælisdegi sínum 14. febrúar 1990 og aftur verið lagður inn á spítala 23. sama mánaðar, en útskrifast aftur 6. mars og haft fótaferð eftir það. Hafi honum liðið mjög illa á þessum tíma og verið fárveikur. Hann hafi að jafnaði verið skýr í hugsun, en „dottið út“ með köflum og slíkt ágerst. Guðjón hafi enn að nýju verið lagður inn á spítala 3. apríl 1990 og verið þar til 6. sama mánaðar, en þá farið heim til sín mjög veikur. Hann hafi svo verið lagður inn á spítala 11. sama mánaðar og þá verið orðinn ófær um að vera einn og látist 2. maí þar á eftir. Eftir lát hans hafi lögerfingjarnir snúið sér til Egils Sigurgeirssonar hæstaréttarlögmans, sem sótt hafi um leyfi til einkaskipta á búi Guðjóns fyrir þeirra hönd og auglýst eftir hugsanlegum kröfuhöfum í búið. Hafi lögerfingjarnir hist í íbúð Guðjóns heitins 13. október 1990 og skipt með sér húsgögnum og munum í fullu samkomulagi. Daginn eftir hafi Egill komið

og opnað læstar hirslur og farið yfir það, sem þar var, en áður hafi hann verið búinn að taka bankabækur og önnur verðmæti í samráði við skiptaráðanda. Hinn 17. október hafi vitnið og Sigurbjörg Símonardóttir farið með málverk í Gallerí Borg og Egill geymt kvittanir fyrir því, en næsta dag hringt í vitnið og sagt sér, að ákærði Sæmundur hefði hringt og sagst vera með erfðaskrá, þar sem fram kæmi, að hann erfði helming eigna Guðjóns, og hefði ákærði komið með hana til Egils næsta dag.

Vitnið kveður ákærða Sæmund hafa heimsótt Guðjón í veikindum hans, en ekki vita frekar um samskipti þeirra. Vitnið kveðst hafa spurt Guðjón í ágúst 1990, hvort hann væri búinn að gera erfðaskrá, og hann svarað því neitandi og sagt, að hann ætlaði að láta lögerfingja njóta þess (sic). Vitnið kveður Guðjón hafa verið mikinn reglumann á skjöl, geymt þau á öruggum stað í ákveðnum möppum eftir málaflokkum og verið með öll skjöl, er vörðuðu fjárhagsleg málefni, í læstri hirslu, sem Egill Sigurgeirsson hæstaréttarlögmaður hafi farið í gegnum. Kveðst vitnið alveg visst um, að hefði Guðjón gert erfðaskrá, hefði hann „þinglýst“ henni og geymt hana á öruggum stað.

Jón Brynjólfsson verkfræðingur kveðst hafa kynnst Guðjóni Teitssyni voríð 1971. Hafi þeir oft hist og kunnað mjög vel hvor við annan og með tímanum alltaf orðið betri og betri vinir og haft sífellt meiri samskipti. Kveðst vitnið hafa verið vinur Guðjóns í öllum veikindum hans og alveg fram til síðasta dags. Vitnið kveður Guðjón fyrst hafa farið að tala um erfðamál sín við vitnið í október, nóvember eða desember 1989 eða byrjun janúar 1990. Hafi Guðjón þá sagt eitthvað á þessa leið: „Ég ætlaði að arfleiða Sæmund, en hann er svo ríkur, hann þarf ekkert að því að halda.“ Eftir það hafi Guðjón aldrei minnst á Sæmund í sambandi við erfðamál sín.

Vitnið kveður Guðjón ávallt hafa skrifað nafn sitt mjög fast, og unnt hafi verið að lesa blað, sem hann skrifaði á, í gegn vegna þess, að það hefði bungað út, þar sem hann skrifaði. Vitnið kveðst engan mun hafa séð á rithendi Guðjóns í desember 1989 og janúar 1990 frá því, sem hún hafði verið áður.

Sigurbjörg Símonardóttir innkaupastjóri, bróðurdóttir Guðjóns Teitssonar, kveðst hafa farið næstum daglega til Guðjóns í veikindum hans. Kveður vitnið hann hafa verið nokkuð hressan um jólin 1989, en á afmæli hans, 16. febrúar 1990, hafi verið verulega af honum dregið. Vitnið kveður Guðjón aldrei hafa rætt um erfðamál sín við það og aldrei minnst á, að hann hefði gert erfðaskrá. Vitnið kveður, að Guðjón hafi verið mikill reglumaður og svo mikill nákvæmnismaður á alla hluti, að það hafi verið alveg sérstakt. Ef hann hefði verið búinn að gera erfðaskrá, hefði hún verið einhvers staðar í læstum hirslum eða öruggum stað.

Sigurður Danielsson markaðsstjóri, bróðursonur Guðjóns Teitssonar,

kveður Guðjón hafa rætt erfðamál sín við sig einu sinni, og hafi það verið voríð 1989. Hafi Guðjón verið að velta því fyrir sér að arfleiða einhverja stofnun, að minnsta kosti að einhverjum hluta eigna sinna. Kveðst vitnið ekki hafa verið neitt sérstaklega „spennt fyrir“ þessum viðræðum og sagt Guðjóni, að þetta væru hans fjármunir og að hann ráðstafaði þeim að sjálf-sögðu eins og honum þætti best henta.

Sigrún Símonardóttir tryggingafulltrúi, bróðurdóttir Guðjóns Teitssonar, kveður Guðjón hafa hringt til sín síðari hluta febrúar 1990 og beðið vitnið að tala við sig. Hafi liðið um þrjár vikur, þar til vitnið fór á fund hans. Hafi Guðjón rætt um útför sína og hvernig hann vildi hafa hana. Síðan hafi hann minnst á erfðamál sín og sagst ekkert ætla að gera og láta þetta bara ganga sína leið. Hafi hann sagt, að hann væri ekki búinn að gera erfðaskrá.

Kristinn Karlsson Johnson fulltrúi kveðst hafa verið í sama skákklúbbi og Guðjón Teitsson frá 1955, og hafi Guðjón teflt síðast í klúbbum að kvöldi 20. desember 1989. Hafi Guðjón komið til tafls klukkan hálfátta um kvöldið og verið hress og kátur og staðið sig mjög vel og taflmennsku lokið um klukkan hálfólf.

Úlfar Þormóðsson forstöðumaður kveður sér hafa verið sendar fjórar eða fimm myndir úr dánarbúi Guðjóns Teitssonar niður á Gallerí Borg 15., 16. eða 17. október 1990. Þegar vitnið hafi verið búið að fá myndirnar í hús, kveðst það hafa að loknum venjulegum sýningartíma hengt að minnsta kosti þrjár þeirra á fleka úti við glugga og tvær aðrar á vegg inni í „galleriinu“. Kveður vitnið, að annaðhvort þá þegar um kvöldið, á meðan það var að þessu, eða strax morguninn eftir hafi ákærði Sæmundur komið til sín og sagt, að hann teldi sig eiga þessar myndir eða eiga allan rétt til þeirra. Hafi Sæmundur sagt, að svo hefði talast til með þeim Guðjóni, að ákærði fengi málverkin að Guðjóni gengnum, og verið undrandi á því, að myndirnar væru komnar þangað, sem þær voru, þar sem hann teldi sig eiga rétt á þeim.

Vitnið kveðst muna eftir, að þarna hafi verið um að ræða eina Kjarvals-mynd, kallaða Mosapembu, nokkuð stóra, þá mynd eftir Svein Þórarinsson, frá Akureyri, svo og eftirmálun af þekktu málverki, sem heitir Díana eftir baðið, en eftir öðrum myndum kveðst vitnið ekki muna. Vitnið kveðst hafa sagt Sæmundi, að hann þyrfti að gera einhverjar ráðstafanir til þess að komast yfir myndirnar, hafa samband við lögmann eða eitthvað slíkt. Vitnið kveðst að sjálfsögðu hafa haft samband við lögmann lögerfingjanna, og í samráði við hann hafi þeir óskað eftir, að vitnið hefði myndirnar til geymslu, en ekki sölu, meðan þeir teldu, að þess þyrfti. Hafi erfingjarnir skipt um lögmann einhvern tíma snemma árs 1991 og á haustmánuðum það ár verið gefið leyfi af hans hálfu til að selja myndirnar og þær allar verið seldar í framhaldi af því.

Er Egill Sigurgeirsson hæstaréttarlögmaður kom í dóminn sem vitni, vísaði hann til yfirlýsingar sinnar, er rakin hefur verið hér að framan og hann hefur staðfest fyrir dóminum. Að auki hefur vitnið skýrt svo frá fyrir dóminum, að ákærði Sæmundur hafi, er hann kom til vitnisins á skírdag, 12. apríl 1990, ekkert minnst á, að Guðjón væri búinn að gera einhvers konar erfðaskrá. Kveður vitnið ákærða ekki hafa haft neinn fyrirvara á erfðaskrá þeirri, er um ræðir í máli þessu, er hann framvísaði henni á skrifstofu vitnisins. Hafi vitnið sagt honum, um leið og hann afhenti því skrána, að þetta yrði vefengt, en þeim ekkert annað farið á milli. Vitnið kveður Guðjón aldrei hafa minnst á ákærða Sæmund né erfðaskrá við sig, en hvað eftir annað rætt um, að hann þyrfti að gera erfðaskrá, áður en hann dæi.

Þá hefur komið fyrir dóminn Ingi Ingimundarson hæstaréttarlögmaður og skýrt frá því, að ákærði Sæmundur hafi komið til sín út af umræddri erfðaskrá, áður en auglýsingin um innköllun frá Agli Sigurgeirssyni hæstaréttarlögmanni birtist í Lögbirtingablaðinu, en að öðru leyti hafi ákærði ekkert rætt erfðamál sín við vitnið.

Að lokum hafa í tilefni af framburði ákærða Y gefið skýrslu í dóminum sem vitni Sigríður Einarsdóttir og Kristinn Guðjón Ólafsson.

Sigríður Einarsdóttir, til heimilis í Kötlufellu 11 hér í borg, kveðst hafa verið í heimsókn hjá ákærða Y um eða laust eftir áramót 1989-1990, er ákærða Sæmundur hafi borið þar að garði. Hafi Y komið hlaupandi inn með u. þ. b. þrjú auð blöð í höndum og beðið um penna í fljótheitum, það lægi mikið við. Hafi vitnið spurt, hvort ákærði Sæmundur ætlaði ekki að koma inn, en ákærði Y sagt, að hann væri að flýta sér til að gera tilboð í bíla hjá Sölnunefnd varnarliðseigna.

Þá kveðst vitnið hafa verið statt heima hjá ákærða Y í desember 1990, er ákærði Sæmundur kom þangað. Hafi Sæmundur barið á dyrnar og sparkað í þær og hamast mikið á bjöllunni. Y hafi farið til dyra og opnað og Sæmundur kallað hann öllum illum nöfnum og sagt, að hann hefði ekki átt að vera að minnast á þessi blöð við rannsóknarlögregluna, það gæti komið sér illa. Hafi Sæmundur sagt orðrétt við Y: „Þú máttir ekki nefna blöðin, því að Ingi segir, að ég geti lent í fangelsi fyrir það, helvítis asninn þinn,“ en Y sagt, að hann hefði einungis sagt satt og rétt frá því, sem hefði gerst. Hafi Y tekið Sæmund og farið með hann út í bifreið og vitnið ekki vitað, hvað þeim hafi farið á milli.

Kristinn Guðjón Ólafsson, til heimilis að Vatnsstíg 11, Reykjavík, kveðst hafa verið staddur á heimili ákærða Y í febrúar eða mars 1990, er ákærða Sæmundur hafi borið þar að garði. Hafi Y komið inn, eftir að hann hafði farið til dyra, og verið með hvítan vélritunarpappír af stærðinni A-4 eða A-6 í höndunum og efsta blaðið, það sem vitnið sá, verið autt, en vitnið kveðst ekki geta borið um það, hve mörg blöðin voru. Hafi Y þurft að

ná í skriffæri. Vitnið kveðst ekki hafa séð Sæmund, en heyrt í honum, en það þekki málróm hans. Eftir á hafi Y sagt vitninu, að Sæmundur ætlaði að bjóða í einhverjar bifreiðar.

*Niðurstöður.*

Svo sem rakið hefur verið, hefur ákærði Sæmundur haldið því eindregið fram, að Guðjón heitinn Teitsson, sem var góður vinur hans, hafi komið á heimili ákærða seinni hluta dags 20. desember 1989, eftir að hann hafði hringt til ákærða fyrr um daginn, og beðið hann um, að þangað kæmu tveir menn, sem bæði ákærði og Guðjón þekktu. Hafi Guðjón verið með handskrifaðan texta erfðaskrár á blaði. Hann hafi lesið ákærða fyrir af blaðinu erfðaskrá þá, sem mál þetta er sprottið af, og ákærði vélritað hana samkvæmt ósk Guðjóns, en í gögnum málsins kemur fram, að erfðaskráin var vélrituð með ritvél ákærða Sæmundar. Í framhaldi af því hafi Guðjón ritað eigin hendi undir erfðaskrána að ákærða og meðákærðu viðstöddum og meðákærðu síðan ritað sem arfleiðsluvottar undir hana. Erfðaskráin hafi verið vélrituð í einu eintaki, og kveðst ákærði hafa haldið því eftir, en Guðjón haldið á brott með handskrifada textann.

Ákærði Sæmundur kveðst hafa litið á erfðaskrána sem „bráðabirgðagjörning“, enda hafi Guðjón talið á þeim tíma, sem hann gerði hana, að hann myndi lifa eitt til eitt og hált og jafnvel tvö ár til viðbótar. Hafi ætlun Guðjóns verið að arfleiða svonefnt Tónlistarhús í Reykjavík að langmestum hluta eigna sinna. Þá hafi hann og haft í hyggju að arfleiða þrjár frænkur sínar að einhverjum eignum og síðan ákærða. Ætlun Guðjóns hafi verið sú að vera búinn að ganga frá þessu með þeim hætti, að sem minnstur hluti færi til „ríkisins“, sem hann hafi talið, að hefði hlunnfarið sig illa í sambandi við lífeyrismál sín.

Ákærðu X og Y hafa kannast við að hafa komið á heimili Sæmundar skömmu fyrir jól 1989 að beiðni ákærða Sæmundar. Hafi Guðjón komið þar og beðið þá, þar sem þeir hafi setið að tafli, að vera vottar á vélrituðu skjali. Þess hafi ekki verið farið á leit við þá fyrr en þá og ákærði Sæmundur ekki gefið þeim til kynna, að til stæði að biðja þá að vera arfleiðsluvotta. Ákærðu hafa báðir staðfest undirskrift sína sem arfleiðsluvottar á erfðaskrá þeirri, er mál þetta snýst um. Samkvæmt framburði ákærða X las hann ekki efni skjals þess, sem hann vottaði greint sinn, og þorir ekki að fullyrða, að um sama skjal og mál þetta varðar hafi verið að ræða. Þá hefur hann orðið tvísaga um, hvort hann ritaði nafn sitt á undan meðákærða Y eða á eftir.

Ákærði Y hefur fullyrt, að erfðaskrá sú, sem fyrir liggur í máli þessu, sé ekki sá löggerningur, sem hann hafi ritað nafn sitt sem vottur undir greint sinn, og það skjal, sem hann vottaði, hafi snúist um myndverk.

Hefur ákærði gefið sterklega í skyn, að meðákærði Sæmundur hafi notað eitt þeirra auðu blaða, sem ákærði hafði ritað nafn sitt neðst á fyrir meðákærða í janúar eða febrúar 1990, við erfðaskrárgerð þá, sem mál þetta fjallar um.

Svo sem áður greinir, sætti undirskriftin „Guðjón F. Teitsson“ undir umrædda erfðaskrá rannsókn tveggja sérfræðinga í skjalarannsóknnum. Eru niðurstöður rannsókna þeirra mjög á sama veg, og ber þeim saman um, að hin vefngda undirritun sé í mögum veigamiklum atriðum ólík staðfestum sýnishornum á rithendi Guðjóns.

U. Filtenborg, annar sérfræðinganna, kemst að þeirri niðurstöðu, að hann telji það sérstaklega líklegt (overordentligt sandsynligt), að hin vefngda nafnritun á erfðaskránni hafi verið rituð sem frihendisfölsun (tilraun til stælingar), þar sem rétt nafnritun hafi verið notuð sem fyrirmynd. Hafi skrifari hinnar vefngdu nafnritunar reynt að ná fram nafnritun, sem við yfirborðskennða skoðun leikmanna líkist sannri nafnritun, þ. e. a. s. hún sé gerð þannig, að unnt sé að villast á henni og sannri nafnritun. Til útskýringar þessu segir í niðurstöðum U. Filtenborgs, að rannsókn hans sýni, að strikadráttur í hinni vefngdu nafnritun sé óviss og komi fram í því, að skjálfti sé á drættinum. Óeðlilega oft sé gert hlé á nafnrituninni, sem kunni að stafa af því, að skrifarinn geri smáhlé á stöðum, þar sem venjulega hafi ekki verið staldrað við í hinni sönnu undirskrift, til þess að átta sig á sönnu undirskriftinni.

Niðurstaða Haralds Árnasonar, hins sérfræðingsins, er sú, að nafnritunin „Guðjón F. Teitsson“ á erfðaskránni sé ekki í skriftarlegu samræmi við staðfest sýni af nafnritunum Guðjóns, sem til rannsókna hafi verið, og að litlar líkur séu til þess, að Guðjón hafi ritað nafn sitt á skjalið. Fyrir dómi hefur Haraldur borið, að niðurstöður sínar sýni það, að Guðjón hafi ekki ritað nafn sitt á umrædda erfðaskrá, og sé hann persónulega sannfærður um það af rannsóknnum sínum, að Guðjón hafi ekki gert það. Virðist honum Guðjón hafa haft feikilega þjálfun í að skrifa nafn sitt. Hann hafi skrifað það fast, frekar mikill þrýstingur hafi verið á skriffærin og skriftin ákaflega þjálfuð og laus við hik. Á hinni vefngdu erfðaskrá horfi hins vegar öðruvísi við. Stafaformið sé minna, hlutföllin öðruvísi, og veigamiklir þættir séu alls ekki í samræmi. Lykkjur séu dregnar í aðra átt en venjan hafi verið, þ. e. forminu breytt, skriftin sé sundur slitin og staðnæmst sé og byrjað aftur, en það komi hvergi fyrir í staðfestum sýnum á ritunum Guðjóns á nafni sínu.

Auk þess, sem nú hefur verið rakið, liggur fyrir í málinu framburður vitnisins Egils Sigurgeirssonar hæstaréttarlögmanns, sem kveðst hafa þekkt Guðjón frá því fyrir síðari heimsstyrjöld. Hefur hann greint svo frá í nefndri yfirlýsingu sinni, sem hann hefur staðfest fyrir dómi, að í mörgum

samtölum sínum við Guðjón um gerð erfðaskrár hans hafi ávallt verið gert ráð fyrir því, að hæstaréttarlögmaðurinn ætti að annast hana. Kveður vitnið þá Guðjón hafa rætt þessi mál um áramótin 1989-1990, þ. e. rétt eftir að erfðaskrá sú, sem mál þetta snýst um, á að hafa verið gerð, en dagsetning hennar er ekki vefengd af ákærða Sæmundi, og Guðjón þá talað um, að hann ætti eftir að gera arfleiðsluskrá, og hann þyrfti að tala seinna við vitnið um það, því að hugur sinn væri þessa stundina allur bundinn við mál, sem hann þyrfti að flytja í Hæstarétti. Þá hefur Egill einnig borið, að Guðjón hafi hringt til sín eftir málflutninginn í Hæstarétti, er fór fram 17. janúar 1990, og þá talað um, að hann þyrfti að athuga miklu betur, hvort hann ætti að arfleiða væntanlegt tónlistarhús að eignum sínum. Enn hafi Guðjón rætt við sig, eftir að dómur féll í Hæstarétti, og einnig verið að ræða um tónlistarhúsið í sambandi við erfðamál sín. Vitnið hefur jafnframt staðhæft, að er ákærði Sæmundur hafi hringt til sín á skírdag 1990, 12. apríl, í þeim tilgangi að fara þess á leit við vitnið fyrir hönd Guðjóns að ganga frá erfðaskrá hins síðarnefnda, hafi ákærði ekkert minnst á, að Guðjón væri búinn að gera erfðaskrá, og ekki tilkynnt vitninu það fyrr en símléiðis 18. október sama ár. Ákærði hafi ekki heldur haft neinn fyrirvara á, að um „bráðabirgðaerfðaskrá“ væri að ræða, er hann framvísaði erfðaskrá þeirri, er mál þetta snýst um, á skrifstofu lögmansins 19. október 1990.

Þá segir í staðfestri sameiginlegri yfirlýsingu vitnanna Bryndísar Konráðsdóttur og Jóns Brynjólfssonar og dómsframburði þeirra beggja, að er þau fóru á fund Guðjóns 10. apríl 1990, hafi hann verið skýr og rólegur í tali og hugsun. Þar hafi hann tilkynnt þeim þá ráðstöfun eigna sinna, sem að framan greinir, og hafi ákærða Sæmund ekki borið þar á góma og Guðjón ekki minnst á hann í sambandi við arfleiðsluvilja sinn eða að hann hefði áður arfleitt ákærða að einhverjum eignum sínum.

Í erfðaskránni er rætt um ráðstöfun á eignum Guðjóns heitins, en þar segir, að ákærði Sæmundur skuli erfa 50% allra þeirra eigna, sem Guðjón láti eftir sig, en ekkert vikið að því, hvert hinn helmingurinn eigi að renna.

Þá segir í erfðaskránni, að ef „eitthvað óvænt“ hendi ákærða Sæmund, eigi arfur ákærða að ganga til barna hans, en af gögnum málsins kemur eigi fram, að nokkur tengsl hafi verið milli Guðjóns og barnanna.

Í vottorði vottanna á erfðaskránni kemur fram, að þeir hafi verið ná-kunnugir Guðjóni, en samkvæmt framburði þeirra beggja var alls ekki um það að ræða.

Þá er athugavert, að erfðaskráin var einungis gerð í einriti, sem ákærði Sæmundur geymdi á heimili sínu, en Guðjón hélt að sögn Sæmundar aðeins eftir handskrifuðu plaggi með texta hennar, sem hann hafði komið með á heimili ákærða greint sinn. Samkvæmt framburði vitna, sem þekktu

Guðjón heitinn, var hann mikill reglumaður um alla hluti og geymdi öll skjöl, er vörðuðu fjármál hans, í læstum hirslum, en ekkert handskrifað plagg varðandi erfðaskrárgerð var þar að finna, er Egill Sigurgeirsson hæstaréttarlögmaður yfirfór skjöl í dánarbúi Guðjóns. Þá er upplýst í málinu, að Guðjón heitinn vélritaði sjálfur og gerði það m. a. eftir 20. desember 1989.

Í texta erfðaskrárinnar kemur fram, að arfleiðsluvottarnir hafi verið sérstaklega til kvaddir að votta hana. Samkvæmt framburði ákærðu X og Y er þetta rangt, og vissu þeir ekkert um, að slíkt stæði til, er þeir komu á heimili meðákærða greint sinn.

Ákærði Sæmundur hefur haldið því fram, að Guðjón heitinn hafi umrætt sinn verið að gera „bráðabirgðaerfðaskrá“. Að mati dómsins er þessi skýring ákærða ótrúverðug og þykir eigi fá neina stoð í gögnum málsins, enda hafði ákærði engan fyrirvara um slíkt, er hann framvísaði erfðaskránni á skrifstofu Egils Sigurgeirssonar hæstaréttarlögmanns, og kom ekki fram með þessa skýringu fyrr en við opinbera rannsókn málsins.

Loks er tortryggilegt, að ákærði afturkallar ekki arfskröfu sína samkvæmt nefndri erfðaskrá fyrr en 10. júlí 1991, þ. e., eftir að rannsókn málsins var vel á veg komin og m. a. niðurstöður beggja skriftarrannsóknanna lágu fyrir.

Þegar virtar eru sérstaklega niðurstöður skriftarrannsókna þeirra, er að framan getur, en þær ber mjög að sama brunni, eindreginn dómsframburður Haralds Árnasonar rannsóknarlögglumans um niðurstöður sínar, framburður Egils Sigurgeirssonar hæstaréttarlögmanns, m. a. um viðræður lögmannsins við Guðjón heitinn um erfðamál hans í þrjú skipti skömmu eftir dagsetningu erfðaskrár þeirrar, sem mál þetta er sprottið af, þar sem fram kemur, að Guðjón hafi ekki minnst einu orði á, að hann hefði þá þegar gert erfðaskrá, heldur ætti hann það þvert á móti eftir, framburður vitnanna Bryndísar Konráðsdóttur og Jóns Brynjólfssonar um viðræður þeirra við Guðjón heitinn um erfðamál hans 10. apríl 1990, þar sem fram kemur ákveðinn arfleiðsluvilji hans og að hann ætti eftir að ganga frá erfðamálum sínum, framburður meðákærða Y um ritun sína á auð blöð fyrir Sæmund, sem þykir fá stuðning í framburði vitnanna Sigríðar Einarsdóttur og Kristins Guðjóns Ólafssonar, og önnur þau atriði, sem að framan eru rakin, sem öll þykja gera arfleiðsluskrá þá, sem mál þetta snýst um, tortryggilega, er það álit dómsins, að sannað sé þrátt fyrir neitun ákærða Sæmundar, að ákærði hafi 19. október 1990 framvísað vísvitandi á skrifstofu Egils Sigurgeirssonar hæstaréttarlögmanns erfðaskrá, sem hann hafi útbúið og dagsett 20. desember 1989 með falsaðri nafnritun Guðjóns Fjeldsteds Teitssonar sem arfleiðanda, svo sem honum er gefið að sök í

ákæru. Þykir þessi háttsemi ákærða varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Á hinn bóginn verður að telja í ljósi alls þess, sem að framan greinir, að gegn neitun ákærðu X og Y sé eigi fram komin lögfull sönnun um, að ásetningur þeirra um þátttöku í fölsun erfðaskrárinnar og framvísun hennar sé sannaður. Ber þar af leiðandi að sýkna þá af ákærinni í máli þessu.

#### *Refsing.*

Refsing ákærða Sæmundar, sem samkvæmt sakavottorði sínu hefur ekki sætt neinum þeim refsingum, er hér geta skipt máli, þykir með hliðsjón af því, að hér er um alvarlegt brot að ræða, hæfilega ákveðin fangelsi tólf mánuði, en eftir atvikum þykir mega fresta fullnustu níu mánaða af refsingu ákærða og ákveða, að sá hluti hennar skuli niður falla að liðnum þremur árum frá uppkvaðningu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22, 1955.

#### *Sakarkostnaður.*

Eftir úrslitum málsins ber að dæma ríkissjóð til greiðslu málsvarnarlauna verjenda ákærðu X og Y, Grétars Haraldssonar hæstaréttarlögmanns og Ingibjargar Þ. Rafnar héraðsdómslögmanns, sem þykja hæfilega ákveðin 90.000 kr. til hvors þeirra um sig, en annan sakarkostnað ber að dæma ákærða Sæmund til að greiða, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, sem þykja hæfileg 120.000 kr., og saksóknarlaun, er renni í ríkissjóð og þykja sömuleiðis hæfilega ákveðin 120.000 kr.

Af hálfu ákæruvaldsins sótti málið Gunnar Stefánsson fulltrúi.

#### D ó m s o r ð :

Ákærðu X og Y skulu vera sýknir af ákæru í máli þessu.

Ákærði Sæmundur Kjartansson sæti fangelsi tólf mánuði, en fresta skal fullnustu níu mánaða af refsingunni og sá hluti hennar niður falla að liðnum þremur árum frá uppkvaðningu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22, 1955.

Málsvarnarlaun skipaðra verjenda ákærðu X og Y, Grétars Haraldssonar hæstaréttarlögmanns og Ingibjargar Þ. Rafnar héraðsdómslögmanns, 90.000 kr. til hvors þeirra um sig, greiðist úr ríkissjóði, en annan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, 120.000 kr., og saksóknarlaun, 120.000 kr., er renni í ríkissjóð, greiði ákærði Sæmundur.